

# Samtök orkusveitarfélaga

## 19. stjórnarfundur

Mánudaginn 12. janúar 2015 kl. 14:30 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar. Fundinn sátu: *Gunnar Þorgeirsson og Jón Óskar Pétursson. Í símasambandi voru Bryndís Gunnlaugsdóttir, Stefán Bogi Sveinsson, Anna Lóa Ólafsdóttir og Árni Eiríksson. Unnur Lára Bryde boðaði forföll.*

*Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður Sambands íslenskra sveitarfélaga sem einnig ritaði fundargerð*

*Þetta var tekið fyrir*

### 1. Kerfisáætlun Landsnets

Rætt kerfisáætlun, en þar kemur m.a fram að sveitarfélög skulu taka mið af kerfisáætlun í skipulagi hvers sveitarfélags. Formaður sagði frá fundi sem hann átti með skipulagsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga um kerfisáætlunina.

*Stjórn hvetur aðildarsveitarfélög að skoða kerfisáætlunina vel og leggja fram athugasemdir ef einhverjar eru.*

### 2. Stefnumörkun stjórnar

Farið var yfir stefnumörkunina og hugsanlegar viðbætur.

*Ákveðið að fresta afgreiðslu til næsta fundar.*

### 3. Undanþágur frá fasteignaskatti

Lagt fram til kynningar minnisblað, dags. 13. nóvember 2014, sem Gunnlaugur Auðunn Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, vann. Gunnlaugur kom inn á fundinn undir þessum lið.

*Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga lýsir yfir ánægju sinni með minnisblaðið og telur mikilvægt að það verði nýtt í viðræðum sambandsins við viðeigandi ráðuneyti og nefndir Alþingis.*

### 4. Kynnisferð Skipulags- og bygginganefndar uppsveita

Formaður sagði frá fyrirhugaðri kynnisferð skipulags- og bygginganefndar uppsveita Árnessýslu til Skotlands og Danmerkur til að kynna sér skipulagsmál í þeim löndum og þá sérstaklega í kringum vindmyllur.

Fundi slitið kl.15:10